

Gos í Eyjafjallajökli - staða 16. maí 2010 kl. 17:00.
Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Steinunni S. Jakobsdóttur og Sigrúnu Hreinsdóttur.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, veðurradar, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar og NOAA gervihnattamynd.

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): Er að jafnaði um 7 - 9 km skv. veðurratsjá.

Stefna: Suðaustur og síðan austsuðaustur (skv. veðurkortum og gervitunglamynd NOAA). Lítil vindur yfir eldstöðinni. Norðvestan 10 m/sek ofan við 7 km.

Litur: Grár.

Gjóskufall: Tilkynningar um öskufall hafa komið frá Skógum, Vatnsskarðshólum, úr Mýrdalnum og frá Pétursey. Öskufall á þessu svæði hófst í gærkvöldi, fyrst vestast og færðist síðan austur á bóginn.

Eldingar: Um 150 eldingar hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar frá því í um miðjan dag í gær. Frá því um kl. 8 í morgun og fram til kl. 11 mældust allt að 22 eldingar á klukkustund.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Rennsli við Gígjökul er lítið, líkt og undanfarna daga.

Aðstæður á gosstað: Gosmökkurinn hefur hækkað nokkuð í dag. Ekkert könnunarflug hefur verið nýlega, en samkvæmt vefmyndavélum og mælitækjum eru litlar breytingar.

Órói: Óróinn er nokkuð stöðugur og hefur verið svipaður síðustu vikuna.

Jarðskjálftar: Þrjár jarðskjálftar, á stærðarbilinu M1 1 – M1 1,2, mældust í nótt. Einn þeir var grunnur, einn djúpur og einn mitt á milli. Um kl. 15 í dag mældust nokkrir grunnir skjálftar.

GPS-aflögun: Færslur inn að miðju Eyjafjallajökuls og sig.

Heildarmat: Gosvirknin virðist áfram nokkuð stöðugt. Nokkrar sveiflur eru þó í möknum frá degi til dags og nær hann hærra upp í dag en í gær, en veðurskilyrðin hafa áhrif þar á. Gjóskuframleiðslan er áætluð um 150 –

200 tonn/s þegar mökkurinn liggur í 6 - 7 km upp í um 400 tonn/s þegar hann er hæstur. Óvenju margar eldingar hafa mælst síðasta sólarhringinn. Ekkert bendir til þess að gosinu sé að ljúka.